

Hvernig eflum við gæði náms og kennslu?

Betri í dag en í gær – ráðstefna um nám og gæði í íslenskum háskólum - 30. maí 2011

Anna Ólafsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri

Gæði háskólanáms og -kennslu

- Hágæðanám – hágæðakennsla –
hágæðamenntun – hágæðamenntastofnun?
 - Hvaða gildismat liggur til grundvallar?
 - Hvaða eiginleikar réttlæta „merkimiðann“?
 - Hver er „dómarinn“?
 - Frá hvaða sjónarhorni eða sjónarhornum er horft?
 - Við hvað er miðað? Á hvaða samanburði byggt?

Gæðahugtakið

“People often think that quality can be defined, but quality is like love. Everyone talks about it, and everyone knows what he or she is talking about. Everyone senses when it is present. Everyone recognizes it. When we try to define it, however, we come up empty-handed.”

(Vroeijenstijn, 1995).

Í hverju felast gæðin?

[... Harvard háskóli er t.d. ... „elitu“skóli, ... getur valið inn bestu kennarana, bestu nemendurna og ... er óendanlega vel efnum búinn ... Það er eiginlega sjálfgefið að hann skilar af sér úrvalsnemendum ... Háskóli Íslands er dæmi um opinberan háskóla sem ber lögum samkvæmt að taka við öllum sem til hans leita og fullnægja einhverjum lágmarksskilyrðum. ... Aðalefni í lokaræðu fráfarandi rektors Harvard háskóla ... [var] ... að Harvard hefði sofnað á verðinum, ... þeir fengju allt það besta og þeir gættu sín ekki nógu vel ... hvernig þeir færu með þetta hráefni ... skóli sem þarf að taka við, segjum ekki eins góðum nemendum ... ef hann stendur sig vel og gerir það mesta úr þeim ...hvor er ... betri, skólinn sem fær topphráefni en gerir ekkert sérstakt við það eða skólinn sem fær slakara hráefni og eykur virði þess mikið? ...]

(úr viðtali rannsakanda við viðmælanda í HÍ)

Rammi umræðunnar um gæði

stofnunin

kennslu-/námsumhverfið

kennarinn

námskráin

nemandinn

stjórnvöld

atvinnulífið

Hugmyndin um háskóla

- Hvert er/á að vera hlutverk háskóla?
- Hvernig móta hugmyndir um eðli, hlutverk og gildi háskóla umræðuna um gæði, og þar með gæðastarf háskóla?

Hugmyndir um gæði háskólakennslu

- Hvað ræður hugmyndum háskólakennara um það hvað góð kennsla felur í sér?
 - eigin reynsla af kennslu sem nemendur
 - eigin reynsla af því „hvað virkar“ í kennslu
 - umræður um kennslu innan kollegahópsins
 - rannsóknir og fræðileg skrif um nám og kennslu
 - opinber umræða um menntun
 - stefna stofnunarinnar
 - stefna stjórnvalda á hverjum tíma
 - ... ?
- Hvað gerist á leiðinni - frá hugmyndum um það í hverju góð kennsla felist, til kennslu eins og hún birtist í framkvæmd?

Orðræðan um „góða háskólakennslu“

- **Traditional liberal** — Góð kennsla leggur áherslu á að nemendur nái valdi á þeirri þekkingu sem fræðigreinin gerir kröfu um, að þeir séu færir um að hugsa á röklegan og gagnrýninn hátt um þau efni sem tilheyra fræðigreininni. Góður kennari er sérfræðingur í fræðigreininni og getur miðlað henni til nemenda á skýran hátt
- **Psychologised** — Góð kennsla horfir til hugmynda og kenninga sálfræðinnar um það hvað skili bestum árangri. Hvað er „gott“ markast af þeim hugmyndum sem ríkjandi er hverju sinni innan sálfræðinnar.
- **Performative** — Góð kennsla skilar af sér einstaklingi sem hefur náð þeirri færni á sínu sviði sem þarf til að ráða við þau verkefni sem honum er ætlað að vinna úti á starfsvettvangi
- **Critical** — Góð kennsla er sú sem sífellt spyr spurninga. Góð kennsla er gagnrýnin á allt mat á því hvað sé mikilvæg þekking hverju sinni, hvernig best sé að miðla þeirri þekkingu og hagsmunum hverra innan kerfisins hún eigi að þjóna á hverjum tíma.

(Tennant, McMullen og Kaczynski, 2010 – byggja á flokkun Skelton, 2005)

Viðurkenningar og kennslukannanir

- Viðurkenningar til „framúrskarandi kennara“ og kannanir þar sem nemendur meta námskeið/kennslu eru birtingarmynd viðhorfa stofnana til þess hvað góð kennsla feli í sér.
- Kennslukannanir (námskeiðsmat) sem lagðar eru fyrir nemendur ramma inn mælikvarðana sem hver stofnun telur vera til marks um góða kennslu.
- Niðurstöður kennslukannana hafa áhrif á ferilskrá kennara og framgang í starfi, svo dæmi séu tekin og þar með mótandi áhrif á daglegt starf kennara.

Áhrif kennslukannana?

- Tennant og félagar (2010) spyrja:
 - Tökum við kennarar þessi verkfæri á þann hátt alvarlega, sem mælitæki á gæði kennslu, að við gerum viðhorfin sem þau endurspeгла að okkar eigin?
 - ...eða reynum við að fylgja „leiðsögninni“ þótt viðhorf okkar sjálfra til þess hvað góð kennsla feli í sér fari jafnvel engan veginn saman við það sem metið er í kennslukönnunum?
 - Og spyrja má: Hver er aðkoma okkar kennara að umræðu um gæði kennslu og þróun matstækja sem meta gæði kennslu?

Fyrirvarar?

- ... as teachers, we need to be aware of the way in which our conceptions of teaching and our identity as teachers is shaped by ... discourses and practices. Additionally we understand 'good teaching' to be a highly contested notion, and as such we need to adopt a critical approach to any instrument that serves to delimit and frame what it means to be a 'good teacher'.

(Tennant, McMullen og Kaczsynski, 2010).

Gæðamat – sjónarhorn kennara

- Endurspeglu matstækin sem notuð eru til að meta gæði kennslu sjónarhorn kennara á það í hverju góð kennsla felst?
- Taka kennarar virkan þátt í gæðaumræðunni sem fram fer innan og utan stofnunar?
- Eða láta þeir „öðrum“ eftir að ákvarða hvað er metið og þar með hver mælikvarðiinn á góða kennslu er?

Rannsókn á hugmyndum háskólakennara og stjórnenda um það í hverju gæði háskólakennslu felist

- Vinn að rannsókn þar sem ég skoða hugmyndir háskólakennara og stjórnenda um það í hverju gæði háskólakennslu felist og hvað styðji við og hindri að hægt sé að halda úti góðri háskólakennslu
- Tók viðtöl við 16 einstaklinga, kennara og stjórnendur
- Lagði fyrir spurningalista sem m.a. byggði á viðtölunumiðurstöðum viðtalanna
- Vinn að greiningu á niðurstöðum
- Hér á eftir fara nokkur dæmi um raddir kennara og stjórnenda um það í hverju góð kennsla felst, hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi eigi þeim að takast að halda úti slíkri kennslu og hverjar þeir telja helstu hindranir í veginum:

Raddir kennara og stjórnenda – virkni nemenda:

- [... Það er svona mín hugmynd um virkilega góða kennslu að nemendur séu þátttakendur í þessu verkefni ... að afla sér menntunar, þau eiga ekki að koma hingað í háskólann til að við fóðrum þau með teskeiðum á þekkingunni, þau eiga að koma hingað til þess að afla sér menntunar og þá verður að vera einhvers konar dýalóg á milli nemenda og kennara ...]

Raddir kennara og stjórnenda – fjöldi nemenda:

- [...Ég er því miður í þessari ... afleitu stöðu að vera allt of mikið með fyrirlestra og það er fyrst og fremst út af stærð námskeiðanna. T.d. á BA stiginu ... er ég með kannski svona 80 manns og ég hef verið mjög ósáttur við það. Ég hef reynt að afla mér heimilda um það hvernig eigi að virkja nemendur í svona stórum hópum, ... mér finnst það bara erfitt, mér finnst það bara virkilega erfitt ...]

Raddir kennara og stjórnenda – húsnæðisaðstæður:

- [... Þegar maður ... stendur uppi á sviði í Háskólabíói, í námskeiði þar sem skráðir eru ... 168 nemendur ... er að fjalla um viðkvæmt efni ... þá finnst mér ekki takast vel upp ... það næst enginn debat ... og það ræðst pínulítið af þessum físiska ramma. ... þessi salur ... er ekkert voða stór en það er svona hálfrökkur, þau sitja ... í þessum mjúku sætum og sökkva þar niður með tölvurnar fyrir framan sig, ... stólarnir fastir, allir sitja í röð og horfa á hnakkann hver á öðrum ...]

Raddir kennara og stjórnenda – undirbúningur nemenda fyrir tíma:

- [... Nemendurnir þyrftu að vera búnir að kynna sér efnið áður en að fyrirlestrar byrja ... þannig að þeir geti verið búnir að undirbúa spurningar. Það er mjög lítið um það nú orðið að fólk lesi kennslubækur. Það er það sem mér finnst hafa breyst mest, það er erfitt að fá nemendur til þess að lesa langa texta og maður verður stundum svolítið svartsýnn yfir því ...]

Raddir kennara og stjórnenda – verkleg kennsla:

- [...Háskóli Íslands er mjög metnaðarfullur skóli og það er margt mjög jákvætt að gerast hérna en við búum ennþá allt of þröngt og okkur er skorinn alltof þröngur stakkur með verklega kennslu ... verkleg kennsla er mjög dýr ... og kakan ... er takmörkuð ... hver þreytt eining gefur bara af sér svo og svo mikinn pening og þá verðum við að sníða okkar fjárhagsáætlun að því og þá er það umfram allt tækifæri til verklegrar kennslu sem eru skorin niður, það hefur bara verið reynslan og það er bara mjög slæmt ...]

Raddir kennara og stjórnenda – framgangskerfið:

- [... kerfið er líka þannig hér að ... þú færð ekki punkta fyrir kennsluna þína þú færð punkta fyrir rannsóknir og birtingar og þar af leiðandi er kerfið þannig að ákveðnu leyti að það er best fyrir þig að eyða sem minnstum tíma í kennsluna. Ef þú hugsar þannig, ef þú hugsar um laun og status og svona. Ég reyni að vinna ekki þannig. Mér finnst kennslan skipta mjög miklu máli og hvað nemendur mínir koma með út úr náminu, en kerfið sem slíkt er þannig uppbyggt að það hvetur fólk frekar til þess að láta kennsluna mæta svolitlum afgangi ... það er bara þannig ...]

Raddir kennara og stjórnenda – reiknilíkanið og kennsluaðferðir:

- [... Þú hefur ekki tækifæri til þess að skipta nemendum. Jú, við getum gert það en þú verður líka að skoða tímann þinn, það að skipta nemendum í svona litla hópa og láta þau vinna svona verkefni, ... kerfið sem slíkt býður ekki upp á að þú sért að skipta svona niður. Þú færð mest út úr því peningalega séð, ... greinin ... skorin sem þú ert í og deildin, að ... hafa sem flesta nemendur, ... þú færð þessar þreyttu einingar, það skiptir máli ...]

Raddir kennara og stjórnenda – reiknilíkanið – skipulögð umræða um gæði kennslu:

- [... það dugar mjög lítið að vita hvernig góðir kennsluhættir eiga að vera ef að þú hefur ekki efni á því að vera með umræðutíma eða vera með verkefni og aðstoðarkennara og þar fram eftir götunum ... fyrsta forsendan er aukið fjármagn í þessa lægstu reikniflokka. ... í öðru lagi eru það hlutir við innra skipulag svo sem að það sé gengið lengra í þá veru að menn búi til reglulega verkferla ... þannig að það sé með reglulegum og eðlilegum hætti rætt um alla þætti kennslunnar, hvað er að takast vel og hvað er að takast illa ... að það sé bara eðlilegur hlutur ... að þetta sé svona verkefni sem menn eru að vinna saman ...]

Takk fyrir áheyrnina!

Í erindi var vitnað í:

- Tennant, M., McMullen, C. & Kaczynski, D. (2010). *Teaching, Learning and Research in Higher Education: A Critical Approach*. London; New York: Routledge.
- Skelton, A. (2005). *Understanding teaching excellence in higher education : towards a critical approach*. London ; New York: Routledge.
- Vroeijenstijn, A. I. (1995). *Improvement and accountability : navigating between Scylla and Charybdis : guide for external quality assessment in higher education*. London ; Bristol, Pa.: J. Kingsley Publishers.